

LÖG**um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „5,62 kr.“ kemur: 5,86 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3,65 kr.“ kemur: 3,80 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „2.870 kr.“ kemur: 2.993 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „18.136 kr.“ kemur: 18.915 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Orðin „en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 2. mgr. kemur: 523 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrir en eftir eindaga.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

4. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „Bifreiðaeftirliti ríkisins“ í 7. gr. laganna kemur: skoðunarstöðvum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.